

## Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði skiftaréttarúrskurður og eftirfarandi skifti á dánarbúi frú Steinunnar Thorarensen staðfestist.

Áfrýjandi Ingibjörg Pálsdóttir greiði skiftaráandanum í Reykjavík fyrir hönd dánarbús Steinunnar Thorarensen málskostnað fyrir yfirdómi með 40 krónum.

Ídæmdur málskostnaður greiðist áður en liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Mánudaginn 14. maí 1917.

Nr. 2/1917.

Þorsteinn Sigurðsson  
 gegn  
 ráðherra Íslands  
 f. h. landssjóðs.

## Dómur:

Miðvikudagskvöldið 3. marz 1915 eða nóttina eftir bar svo við, að Þorsteinn Sigurðsson útvegsbóndi á Sæbergi í Vestmannaeyjum og bústýra hans, Sigurbjörg Sigurðardóttir, féllu í svo fastan svefn, að heimilisfólkið gat eigi vakið þau. Var því læknis vitjað, og gerði hann margar tilraunir til að vekja

þau, og lauk svo að Þorsteinn vaknaði, að því er ætla verður, um kl. 4 aðfaranótt föstudagsins 5. marz, en Sigurbjörgu tókst eigi að vekja, og andaðist hún um hádegi þann dag. Héraðslæknirinn, sem stundaði sjúklingana, taldi það vafalaust, að þessi óeðlilegi svefn þeirra og dauði Sigurbjargar stafaði af einhverju eitri, er ofan í þau hefði farið. Var um þetta rannsókn hafin 7. marz fyrir lögreglurrétti Vestmannaeyjasýslu og reynt að komast fyrir það með ítarlegum prófum, hvað valdið hefði svefni þeirra Þorsteins og Sigurbjargar og dauða hennar. Við rannsóknina fékst þó engin vitneskja um þetta, en með því að eigi þótti grunlaust um, að Þorsteinn ætti einhverja sök á dauða Sigurbjargar eða vissi meir um tildrögin, en hann vildi láta uppi, úrskurðaði rannsóknardómarinn 11. marz, að hann skyldi settur í gæzluvarðhald, og var þessum úrskurði framfylgt þannig, að Þorsteini var leyft að vera heima hjá sér með stöðugri gæzlu, Úr gæzluvarðhaldinu var hann leystur samkvæmt úrskurði réttarins 13. apríl s. á., en rannsókninni var lokið 22. janúar f. á.

Nefndur Þorsteinn Sigurðsson hefir nú höfðað mál þetta, samkvæmt lögum nr. 28, 26. okt. 1893 um skaðabætur fyrir gæzluvarðhald að ósekju, fyrir landsyfirdóminum gegn ráðherra Íslands fyrir hönd landssjóðs, og krafist þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, 3000 kr., fyrir þjáningar þær smán og fjártjón, er hann hafi beðið af því að vera settur í gæzluvarðhald, svo sem áður er sagt.



Af stefnda hálfu er þess krafist að hann verði algerlega sýknaður og sækjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað eftir mati réttarins, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Þó að engin skýrsla sé í máli þessu framkomin um það, að eigi hafi verið höfðað mál gegn sækjanda, eftir að honum var slept úr gæzluvarðhaldi, eða að hann hafi verið sýknaður í slíku máli, svo sem gert er ráð fyrir í 1. gr. nefndra laga 26. okt. 1893, þá virðist mega komast hjá því, að vísa málinu frá yfirdóminum fyrir þessa sök, vegna ófullnægjandi málsútlitunar sækjanda, með því að eigi hefir af stefnda hálfu verið neitt athugað við málsóknina að þessu leyti, svo að ætla má, að um nefnt málsatriði sé svo ástatt, sem lögin áskilja.

Samkvæmt skýrslu héraðslæknis og skoðun á líki Sigurbjargar Sigurðardóttur verður að telja það sannað, að hún hafi dáðið af eitrun, svo og það að sækjandi hafi fengið í sig samskonar eitur, með því að verkanirnar voru með sömu einkennum á báðum. En um það, með hverjum atvikum og á hvern hátt eitrunin hafi orðið eða hver valdur væri að henni fengust engar upplýsingar við raunsoknina. Það sem gaf tilefni til þess, að sækjandi var úrskurðaður í gæzluvarðhald, var grunur um, að hann ætti einhverja sök á dauða Sigurbjargar Sigurðardóttur, en því er eigi nánar lýst í prófunum, hvert sá grunur stefndi. Þó virðist sækjandi eigi hafa verið grunaður um, að hafa byrjað Sigurbjörgu eitur, til að deyða hana, en ekki jafnframt sjálfan sig, enda var eigi ástæða til þess, og má eftir málsvöxtum ætla, að

sækjandi sé saklaus af þeim glæp, með því að eigi gat, að álitni héraðslæknisins, verið um uppgerðar-svefn að ræða af hálfu sækjanda og lifi hans um eitt skeið jafnvel hættara komið en lifi Sigurbjargar. En grunurinn gegn sækjanda virðist hafa farið í þá átt, að hann með eða án samþykkis og vitundar Sigurbjargar hafi byrjað þeim báðum eitur til þess að þau létu þannig bæði líf sitt.

Við rannsóknina komu fram ýmsar skýrslur, sem eigi gjöra það sennilegt, að sækjandi hafi viljað ráða þau Sigurbjörgu af dögum. Það er þannig eigi ástæða til að ætla, að hann sé bilaður á geðsmunum eða eigi með fullu ráði. Héraðslæknirinn hefir að visu borið það, að úrkynjunar (degenerations) merki séu sjáanleg á sækjanda og að taugar hans séu veiklaðar, en vitni, sem kynst hafa sækjanda og yfirheyrð hafa verið, hafa öll borið það, að hann sé með fullu viti og heill á geðsmunum. Þá hafa vitni, sem kunnug voru á heimili þeirra sækjanda og Sigurbjargar verið á einu máli um það, að sambúð þeirra hafi verið góð. Sækjandi er allvel efnaður og þurfti eigi að setja það fyrir sig, að hann mundi breyta efni til framfæris sér og s'num. Og enn er það, að í hirzlu sækjanda fanst bréfumslag, er í var sparisjóðsbók og bréf ódagsett, er sækjandi tjáist hafa skrifað Sigurbjörgu, en það er efni bréfsins, að hann gefur henni innstæðu sparisjóðsbókarinnar, á 3. þúsund króna, og sagðist sækjandi hafa skrifað bréfið í því skyni, að Sigurbjörg eignaðist þessa peninga að sér látnum.

En þó að það, sem nú hefir verið talið, bendi alls eigi til þess að sækjandi hafi viljað ráða sér og



Sigurbjörgu bana heldur miklu fremur í gagnstæða átt, þá er þó afstaða hans til umgetins atburðar, svefnis þeirra Sigurbjargar, svo vafasöm, að ekkert virðist verða ályktað um hana svo ábyggilegt sé. Við rannsóknina kom ekkert fram, er tilefni gæfi til að gruna sambylislólk sækjanda eða aðra utan heimilis hans um að eiga hér hlut í, og það er lítt skiljanlegt, að sækjandi hefir alls enga bendingu getað eða viljað gefa um orsakir til hins óeðlilega svefnis þeirra Sigurbjargar, en þvert á móti stöðugt haldið því fram, að þau hafi eigi umgetinn miðviku- dag 3. marz 1915 neytt neins matar eða tekið inn nein lyf, er haft hefðu getað slíkar verkanir.

Af þeim vitnisburðum, er komu fram við prófin í þá átt, að sækjandi mundi vita meir en hann lét uppi um orsakir til dauða Sigurbjargar, virðist eigi vera leggjandi neitt upp úr skýrslu vitnisins Þórunnar Magnúsdóttur, er vitni þetta tjáist hafa veitt því eftirtekt, er hún og fleiri vitni, sem vöktu yfir þeim sækjanda og Sigurbjörgu, fimtudagskvöldið 4. marz, nokkrum klukkustundum áður en sækjandi vaknaði og kom til sjálfs sín, gengu út úr svefnherbergi þeirra og vitnið leit við um leið og hún gekk út úr dyrunum, að sækjandi reis upp á olnboga og leit alt í kringum sig, en lagðist svo strax niður aftur. Af þessu virðist ekkert verða ráðið um tilverksnað eða vitneskju sækjanda, með því að héraðslæknirinn, sem fyr segir, hefir fortekið, að sækjandi hafi getað gert sér upp þennan svefn. Sama er og um orð, er héraðslæknirinn heyrði sækjanda segja eins og við sjálfan sig, eftir að hann vaknaði: »Skelf-

ing ætlar þetta að fara illa« eða »skelfing fer þetta illa«, að af þeim verður engin ályktun gerð um sektarmedvitund sækjanda. Þar á móti verður að telja framburði vitnisins Árna Gíslasonar nokkurt gildi, þó að hann sé eigi staðfestur með eidi, en vitni þetta, sem var útgerðarmaður hjá sækjanda og heimilismaður hans, hefir borið að það hafi miðvikudagskvöldið 3. marz 1915, er það mataðist í eldhúsinu, heyrt þangað fram úr svefnherbergi sækjanda og Sigurbjargar, að hún talaði við hann um einhverja inntöku á þá leið, hvort það mundi vera óhætt að taka þetta og að sækjandi kvað já við því.

Þegar lítið er á rannsóknina í heild sinni og upplýsingar þær, er með henni hafa fengist samkvæmt framansögðu, virðist eigi vera fært að láta uppi neitt álit um það, hvort sækjandi sé saklaus af glæp þeim, er tilefni gaf til gæzluvarðhalds hans og er þá eigi heimild til að taka til greina skadabótakröfu hans, en það ber að sýkna stefnda eftir kröfu hans.

Eftir þessum úrslitum ber sækjanda samkvæmt 4. gr. fyrnefndra laga að greiða stefnda málskosnað, sem ákvedst 30 kr.

Málsfærsla skipaðs málsfærslumanns sækjanda hefir verið lögmæt, og bera honum 20 kr. í málsfærslulaun, er greiðist af almannafé.

Því dæmist rétt vera:

Stefndi, ráðherra Íslands fyrir hönd lands-  
sjóðs, á að vera sýkn af kröfum sækjanda, Þor-



steins Sigurðssonar í þessu máli. Sækjandi greiðir stefnda 30 kr. í málskostnað. Skipuðum talsmanni sækjanda, Boga Brynjólfssyni yfirréttarmálaflutningsmanni, greiðist 20 kr. í málflyttingslaun af almannafé.

Ídæmdan málskostnað ber að greiða áður en 8 vikur eru liðnar frá lögbirtingu dóms þessa, að við lagðri laga-aðför.

Mánudaginn 21. maí 1917.

Nr. 18/1917.

Gísli Jónsson  
gegn  
Erlendi Erlendssyni.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandi, Gísli Jónsson málari hér í bænum, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur gegn stefnda, Erlendi kaupmanni Erlendssyni sama staðar, til þess að fá hann dæmdan til að láta lausan við áfrýjanda móbrúnan hest, og til að greiða honum í skaðabætur 50 kr. fyrir heimildarlaust hald á hestinum, svo og málskostnað. En með dómi nefnds réttar, uppkveðnum 18. jan. þ. á., var stefndi sýknaður í málinu og málskostnaður látinn falla niður.

Áfrýjandi hefir nú með stefnu dags. 16. febrúar þessa árs skotið málinu til yfirdómsins. Eru kröfur